

Myndin er í raun eitt allsherjar fjölskyldudrama þar sem hnefaleikar koma við sögu 39

Myrkir músíkdagar

Trío, kór, semball og raftónlist

Dagskrá Myrkra músíkdaga í dag, föstudag 28. janúar:

■ 12.15. Norræna húsið: **Trío VEI**. Ingi- björg Guð- jónsdóttir, Einar Jó- hannesson og Val- gerður Guð- jónsdóttir flytja verk eftir Oliver Kentish, Tryggva M. Baldvinsson, John Speight, Áskel Músson og Hafliða Hallgrímsson.



Trío VEI

■ 14.30. Listaháskóli Íslands: **Dr. Kristín Jónína Taylor** flytur fyrirlestur um Porkel Sigur- björnsson og útvarps- þætti hans „Nútíma- tónlist.“



Kristín Jónína Taylor

■ 17.00. Ás- mundar- salur: **Sembaltónleikar – Guð- rún Óskarsdóttir**. Verk eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur, Úlf Inga Haraldsson og Kolbein Bjarnason.



Guðrún Óskarsdóttir

■ 20.00. Neskirka: **Missa Pac- is – Hljóm- eyki**. Verk eftir Sigurð Sævarsson fyrir selló, orgel og slagverk. Magnús Ragnarsson stjórnar.

■ 22.00. Hugmynd- húsið: **Ný raftónlist**. Höfundar Ríkharð- ur H. Friðriksson, Hilmar Þórðarson, Nathan Hall, Kjartan Ólafsson, Hilmar Bjarnason og Jesper Pedersen.

Tónlist

Meistari Kristinn endurtekinn

Kristinn Sigmundsson bassa- söngvari og Jónas Ingi- mundarson píanóleikari end- urtaka tónleika sína, Meistari Kristinn, í Salnum í Kópavogi á laugardag kl. 16, en færri komust að en vildu á tónleika þeirra um síðustu helgi, að því er segir í fréttatilkynningu.

Á efnisskránni er blanda af íslenskum og erlendum söng- um og óperuaríum. Meðal ann- ars flytja þeir lög eftir Jónas sem finna má í nýút- kominni bók hans Tíu söngvar og tveimur betur. Önnur tónskáld á efnisskránni eru Ludwig van Beethoven, John A. Speight og Wolfgang Ama- deus Mozart.



Kristinn Sigmundsson

Myndlist

Leirsmiðja í Ásmundarsafni

Myndlistarmaðurinn Haraldur Jónsson stjórnar smíðju í Ás- mundarsafni næstkomandi laugardag kl. 14 þar sem unnið verður með leir á óvenjulegan hátt. Leirsmiðjan er ætluð fjöl- skyldum og er hún ókeypis og öllum opin.

Smíðjan í Ásmundarsafni er sett upp í tengslum við tvær yf- irstandandi sýningar í Ás- mundarsafni; Hugsad í form- um, sem sýnir endurgerða vinnustofu Ásmundar Sveinssonar og Svefnljós, innsetningu Ráðhildar Ingadóttur í Kúlunni, en hún er sett saman úr hvolfi Ásmundarsafns, hljóði rýmisins, tölvu, handspegli, ljósvarpa og skugga.



Haraldur Jónsson

Hönnun

Sýningarlok hjá Siggu Heimis

Sýningu Hönnunarsafnsins á verkum Siggu Heimis iðnhönn- uðar lýkur á sunnudaginn en Sigga hefur á síðustu árum átt í samstarfi við heimsþekkt framleiðslufyrirtæki á sviði hönnunar. Gripir hennar hafa verið fjöldaframleiddir í mörg ár og á sýningunni gefst tæk- i færi til að kynna fjöl- breyttum verkum þessa þekktu iðnhönnuðar sem vinn- ur í alþjóðlegu umhverfi.

Sýningin hefur verið fjölsótt og m.a. hafa nem- endur fengið sérsníðna fræðslu um hana, að því er segir í fréttatilkynningu. Í hádeginu í dag mun Sigga ganga um sýninguna með gestum



Verk eftir Siggu Heimis

Höfuðskáldin á hnappanikku

● Jón Þorsteinn Reynisson spilar verk klassísku meistaranna

Bergþóra Njála Guðmundsdóttir ben@mbl.is

Verk eftir mörg helstu tónskáld tón- bókmennanna, allt frá Bach og Scarlatti til Chopin og Wagners, eru viðfangsefni Jóns Þorsteins Reyn- issonar á diskum hans Caprice sem kom út rétt fyrir jól. Ekki kannski í fyrsta sinn sem tónlistarmaður færst við þessa músík en það sem fær hlustendur til að sperra eyrun er að hún er flutt á harmonikku.

Jón Þorsteinn er úr Skagafirði og lauk áttunda stígs prófi á harm- onikku frá Tónlistarskóla Skaga- fjarðar árið 2007. „Síðan má segja að ég hafi verið í sjálfsnámi en megnið af efninu á disknum hef ég æft upp eftir að ég útskrifaðist.“

Útsetti verkin sjálfur

Ekki lét Jón nægja að æfa verkin, heldur útsetti hann þau öll fyrir harmonikku sjálfur. „Flest af þessu hefur verið skrifað út fyrir harm- onikku en mér fannst ákveðin áskor- un að prófa að gera þetta sjálfur. Maður lærir mikið á því fyrir utan hvað það er gaman.“

Diskinn gefur Jón út sjálfur með styrk frá Menningarráði Norður- lands vestra. „Það var búið að blunda í mér síðan ég lauk prófinu að æfa upp svona gott prógram. Og þegar það var búið var gaman að



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Harmónikkuleikarinn „Kannski er fólk hérna ekki búið að átta sig á því hvað harmonikkann býður upp á,“ segir Jón Þorsteinn Reynisson.

koma því svona frá sér og klára þennan pakka.“

En hvað veldur því að klassísk tónlist er svo fáheyrd á harmonikku hér á landi?

„Ég hugsa að þeir sem á annað borð hafi áhuga á klassískri tónlist hafi upphaflega valið sér annað hljóðfæri. Kannski er fólk hérna ekki búið að átta sig á því hvað harmonikkann býður upp á – heldur að þetta sé bara hljóðfæri fyrir sjó- mannavala og slíkt. Þegar maður

horfir út fyrir landsteinana þá eru hins vegar margir að spila klassíska tónlist á harmonikku. Það er t.d. mjög algengt í Rússlandi og víðar í Austur- og Mið-Evrópu.“

Starfar við að syngja og spila

Jón stefnir að því að fylgja plötu- útgáfunni eftir með tónleikum á næstunni, en hann hefur verið bú- settur í Reykjavík frá því síðastliðið vor þar sem hann starfar við tónlist. „Mín atvinna í dag er að spila og

HNAPPANIKKA JÓNS

Margfalt fleiri nótur í boði

Upphaflega lærði Jón á hefð- bundna píanónikku en ári fyrir útskrift skipti hann yfir á svo- kallaða hnappanikku, sem hann segir að hafi verið töluvert þol- innaðisverk.

„Ég þurfti eiginlega að læra alveg upp á nýtt á takkaborðið því það er allt annað kerfi í hægri hendinni – nótnum er raðað allt öðruvísi en á venju- legu nótnaborði eða upp á ská, auk þess sem tónarnir eru miklu fleiri. Þess vegna er líka hægt að gera miklu meira á hnappa- nikkuna en hina – í stað þess að vera með tvær og hálfu áttund er maður með fjórar, fimm átt- undir, og það býður auðvitað upp á miklu meiri möguleika.“

reyndar syng ég líka töluvert. Ég er í nokkrum sönghópum og kórum og hef gert töluvert af því að syngja við úttarir og aðrar slíkar athafnir. Svo er ég fenginn til að spila á harm- onikkuna með hinum og þessum auk þorrahlóta, brúðkaupa og þess háttar.“ Oftast er prógrammið þá í létt- ari kantinum þótt einn og einn óski eftir öðru. „Ég spila hvað sem er þótt klassíska tónlistin sé kannski það sem ég hef mest gaman af núna.“

Listasjóður Dungal styrk- ir Kristínu og Pál Hauk

● „Þetta er hark, skemmtilegt hark,“ segir Páll Haukur

Listasjóður Dungal veitti í gær tveimur ungum myndlistarmönnum styrk, þeim Páli Hauki Björnssyni og Kristínu Rúnarsdóttur. Þau eiga það sameiginlegt að vera að stíga sín fyrstu skref sem listamenn og segi- ast fulltrúar sjóðsins vonast til þess að styrkurinn verði þeim hvatning. Auk peningastyrks hefur sjóðurinn keypt verk eftir listamennina.

Kristín útskrifaðist frá myndlist- ardeild Listaháskóla Íslands árið 2009 og hyggst leggja stund á meist- aranám í myndlist erlendis í haust. Undanfarið ár hefur Kristín tekið þátt í margvíslegum myndlist- arverkefnum hér heima og á Norð- urlöndum. Hún er einn aðstandenda Gallerí Crymo. Kristín segir styrk- inn hvetja sig til dáða.

„Það er mikill heiður að fá þennan

styrk og vera komin í þennan flotta hóp fyrri styrkþega,“ segir hún. Kristín hefur unnið af kappi að list sinni og segir að það sé um að gera að taka þátt í þeim tækifærum sem bjóðast. Hún leggur áherslu á teikn- ingu í myndlistinni en í mörgum verka hennar má finna vísanir í myndmál íþróttu og leikja.

Ánægjulegt að fá styrk

Páll Haukur útskrifaðist með BA- gráðu í myndlist frá Listaháskóla Ís- lands árið 2008 og hóf í framhaldi nám í heimspeki við Háskóla Ís- lands. Síðustu misserin hefur Páll verið afar virkur meðal yngstu kyn- slóðar myndlistarmanna, hefur hald- ið fjölda sýninga og tekið þátt í sam- sýningum, hér á landi og erlendis.

„Það er afar ánægjulegt að fá

þennan styrk, hann gerir mér kleift að einbeita mér að myndlistinni næstu mánuði,“ segir Páll Haukur en myndlist hans einkennist af inn- setningum og gjörningum. „Það er ekki mikið um rekstrarfé í þessari óarðbæru menningarstétt, þetta er hark, skemmtilegt hark,“ segir hann.

Listasjóður Dungal hét áður Listasjóður Pennans. Hann var stofnaður árið 1992 af hjónunum Gunnari B. Dungal og Þórdísi Öldu Sigurðardóttur, þáverandi eig- endum Pennans hf., til minningar um foreldra Gunnars, Margréti og Baldvin P. Dungal. Sjóðnum er eink- um ætlað að styrkja unga myndlist- armenn sem eru að feta sig af stað á listabrautinni og einnig að eignast verk eftir þá. efi@mbl.is



Morgunblaðið/Einar Falur

Styrkþegarnir Páll Haukur Björnsson og Kristín Rúnarsdóttir hlutu í gær styrki úr Listasjóði Dungal, sem einnig keypti verk eftir þau.